

Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál

Ísafirði 25. ágúst 2015.

Fjórðungssamband Vestfirðinga setur hér fram að nýju, þrjú áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019 frá 1. júlí s.l., með endurskoðuðum texta í samræmi við ábendingar Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál. Verkefnin verða lögð fram á fundi samráðsvettvangs sóknaráætlunar á Ísafirði, þann 28. ágúst n.k. .

Tillögur Vestfjarða að áhersluverkefnum 2015:

Verkefni 1	Heiti verkefnisins Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum
<p>Markmið (hvaða vandamál á að leysa?)</p>	<p>Á tímabili Sóknaráætlunar Vestfjarða 2015-2019, verða langþráðar breytingar í landsamgöngum og gagnaveitumálum á Vestfjörðum. Hér er vísað til verkefna innan samgönguáætlunar 2015-2018, Vestfjarðavegur um Gufudalssveit, Dýrafjarðargöng, Dynjandaheiði og Strandavegur norður í Árneshrepp. Auk sérstaks átaks í ljósleiðaratengingum og fyrirheita um tengingu dreifbýlis innan væntanlegrar fjarskiptaáætlunar.</p> <p>Á áætlunartímabilinu má því vænta að síðustu áfangar í hringvegi um Vestfirði verði komnir áleiðis. Hringvegur sem tengir atvinnu- og þjónustusvæði innan Vestfjarða auk þess að skapa ný tækifæri s.s. í ferðaþjónustu og fiskeldi. Hafin verður vegagerð um Veiðileysuháls til að rjúfa vetrareinangrun íbúa í Árneshreppi. Fyrir liggur krafa frá sveitarfélögum á Vestfjörðum að þessum verkefnum verði flýtt innan tímabilsins. Í fjarskiptum má ætla að allt þéttbýli og meginhluti dreifbýlis á Vestfjörðum verði tengt ljósleiðara.</p> <p>Fyrirfram má fullyrða að uppbygging innviða leiði til framþróunar samfélaga á Vestfjörðum. Sá vandi getur hins vegar komið upp að samfélögin nýti ekki tækifærin með markvissum hætti. Greiningar á afstöðu íbúa á Vestfjörðum til búsetu, sýna að ítrekuð seinkun á uppbyggingu samgöngu- og veitukerfa á Vestfjörðum eftir miðjan tíunda áratuginn, hafa haft neikvæð áhrif á viðhorf íbúa til samfélaganna og samstarf samfélaganna á milli. Vandí verður á höndum ef ekki tekst að byggja upp traust innan samfélaganna og á milli þeirra og slíkt ástand getur seinkað framþróun í landshlutanum. Annar vandi tengdur þessu, er að trú íbúa og samfélagsins á aðrar áætlanir stjórnvalda falla hér að</p>

	<p>sama hátt undir og vantraust er ríkjandi, þetta á einnig við um sóknaráætlun.</p> <p>Stefnumörkun til langs tíma í senn getur að hluta mætt þessum vanda. Sóknaráætlun landshluta er hluti af mörkun langtíma-stefnu, en helstu gagnrýnin viðbrögð á fundum um stefnumörkun hennar voru ábendingar um þröngt starfsvið og takmarkað fjármagn. Sá vandi kemur því upp að skammtíma verkefni verði valin umfram langtímaverkefni. Annar vandi er að verkefnahugmyndir sem hafa komið fram fela í sér verulega eða mikla fjárhagslega aðkomu sveitarfélaga og eru því háð stefnu sveitarfélaganna.</p> <p>Til að leysa framangreindan vanda þá verður að setja fram víðtækari stefnumörkun. Þar verði sveitarfélögin að vera leiðandi aðili og þá ýmist innan einstakra þjónustusvæða á Vestfjörðum eða á Vestfjörðum í heild. Telja verður að sá vettvangur sem henti fyrir slíka vinnu sé svæðisskipulag. Svæðisskipulag er lögformlegur samráðsvettvangur sem sveitarfélög geta sett á fót til að marka stefnu í sameiginlegum málum.</p> <p>Verkefnatillaga er því að setja fjármagn til að gera ramma fyrir gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Niðurstaða verkefnisins verði tillaga um að hefja gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði í heild eða svæðisskipulags sem tæki til tveggja eða þriggja þjónustusvæða en með víðtæku samstarfi. Á grundvelli tillögunnar verði stofnaður samráðsvettvangur sveitarfélaganna sem mun standa að gerð svæðisskipulags og sækja til þess fjármagn lögum samkvæmt. Einnig verði lagt mat á hvort sameina megi samráðsvettvang sveitarfélaganna og samráðsvettvang sóknaráætlunar.</p>
<p>Framkvæmdaaðili (ef fleiri en einn, tilgreinið hlutdeild hvers af heildarstyrkupp hæð)</p>	<p>Fjórðungssamband Vestfirðinga í samstarfi við ráðgjafastofu.</p>
<p>Samstarfsaðilar</p>	<p>Sveitarfélög á Vestfjörðum. Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur.</p>

Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Samþætting sóknaráætlunar við stefnumörkun sveitarfélaga frá og með árinu 2016.
Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	Bent er á að það eru sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaga og ríkisins að tryggja að uppbygging í samgöngum og veitukerfum nýtist frá fyrsta degi. Afurð stefnumótunar verði tvíþætt, annars vegar verður lagt mat á áhrif breytinga og gerð aðgerðaáætlun hvernig nýta megi þau tækifæri sem skapast á áætlunartímabilinu. Hinsvegar að mótuð verði tillaga um efnisþætti svæðisskipulags. Áhrif á samfélagið felast í að byggja upp traust innan samfélaganna um að uppbygging innviða og gerð svæðisskipulags skili af sér ávinningi fyrir einstök svæði og fyrir Vestfirði í heild.
Tímarammi	September - desember 2015
Áætlaður kostnaður	Laun- og launatengd gjöld 1.450.000 Skrifstofuaðstaða 100.000 Aðkeypt þjónusta 2.400.000 Aðkeypt gögn 500.000 Fundakostnaður, verkefnastjórn 120.000 Fundakostnaður, samráðsv. 600.000 Ferðakostnaður 430.000 Auglýsingar, útgefið efni 250.000 Ófyrirséður kostnaður 250.000 Heildarkostnaður 6.100.000
Framlag úr sóknaráætlun 2015	4.000.000,-

Verkefni 2	<i>Inwestfjords</i>
Markmið (hvaða vandamál á að leysa?)	<p>Fábreytt atvinnulíf og viðvarandi fólksflótti er þekkt vandamál á Vestfjörðum.</p> <p>Grunnur hagkerfisins á Vestfjörðum byggist á nýtingu náttúruauðlinda og þá sérstaklega sjávarauðlindarinnar. Það hefur verið sýnt fram á að staða atvinnulífsins einkennist af stöðnun en ekki vexti eins og hefur verið annars staðar á landinum. Meirihluti fyrirtækja svæðisins hefur takmarkaða getu til þess að ráðast í stór þróunar- og fjárfestingaverkefni og oft eru fjárfestingar drifnar áfram af utanaðkomandi fjármagni. Jafnframt er svæðið frumframleiðslusinnað og þörf er á að ráðast í verkefni sem eru lengra í virðiskeðjunni. Í stuttu máli má segja að það er skortur á svæðisbundnu fjármagni í nýfjárfestingar og áhættufjárfestingar og sér í lagi skortur á fjármagni sem er þolinmótt.</p> <p>Markmið verkefnisins er að koma upp fjármögnunarúrræði fyrir áhugaverða fjárfestingakosti og draga með því fjármagn inn á svæðið. Samhliða þessu verður unnið að því fá fjárfesta til þess að taka beint þátt í áhugaverðum og arðbærum verkefnum á Vestfjörðum, en það verði gert með því að leiða fjárfesta og verkefni saman. Verkefnin verða mótuð bæði af sérhæfðu starfsfólki Atvest í samvinnu við hentuga samtarfs- og framkvæmdarðila á svæðinu.</p> <p>Fjárfestingaverkefnin sjálf eiga svo að stækka atvinnumarkaðinn og auka fjölbreytaleika þegar þau verða að veruleika.</p>
Framkvæmdaaðili (ef fleiri en einn, tilgreinið hlutdeild hvers af heildarstyrkupp hæð)	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Samstarfsaðilar	Erlendir og innlendir samstarfsaðilar eftir áherslusviðum í fjárfestingaverkefnum. Auk aðila sem hafa vannýtar

	<p>auðlindir/aðföng eða hráefni á svæðinu t.d. fiskiúrgangur, heitt vatn, vannýtt iðnaðarhúsnæði osfrv.</p>
<p>Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019</p>	<p>Í greiningum sem hafa verið unnið í tengslum við Sóknaráætlun 2014 þá hefur komið fram að þörf er á styrkingu atvinnulífs, jafnframt hefur komið í ljós er að víða er að finna markaðsbresti sem hægja á vexti svæðisins. Kostir svæðisins eru þeir að almennt finnst íbúum gott að búa á svæðinu og lífsgæðin er tiltölulega há, en atvinnuöryggi og fjölbreytileiki atvinnumarkaðar eru hlutir sem þarf að bæta til að auka enn frekar ánægju íbúa og laða til svæðisins fleiri nýja íbúa.</p> <p>Til að bregðast við fábreytni í atvinnulífi og takmörkuðum atvinnumarkaði þá þarf að fjárfesta í nýjum verkefnum sem munu fjölga atvinnutækifærum og þar með styrkja heildaratvinnumarkað svæðisins. Til þess að þetta geti gerst þarf að finna leiðir til að auka aðgengi að þolinmóðu fjármagni til nýrra verkefna.</p> <p>Þar sem ný verkefni hafa verið sett á laggirnar með viðeigandi fjárfestingum þá hefur íbúapróun snúist við samhliða verðmætaaukningu fyrir sveitarfélög og þjónustufyrirtæki á svæðinu. Enda skapa ný umfangsmikil verkefni nýjar tekjur og eykur almennt eftirspurn eftir vinnuafli og þjónustu.</p> <p>Í gegnum Vaxtarsamning Vestfjarða og Sóknaráætlun Vestfjarða hefur verið stutt við kynningu fjárfestingakosta á Vestfjörðum og hefur sú vinna leitt til þess að undirbúningi eru fjárfestingaverkefni sem hafa alla burði til þess að komast til framkvæmda til lengri tíma litið. Það er búið að vinna nauðsynlega grunnvinnu ásamt því að afla þekkingu og tengiliða til þess að vinna áfram með fjárfestingaverkefnin. Tengiliðir þeir sem unnið er með eru bæði fagfjárfestar, fjármögnunarfyrirtæki og ráðgjafar sem hafa það að atvinnu að byggja upp þróunarverkefni víðs vegar um heiminn og á Íslandi. Byggt á þeim upplýsingum og tengiliðum sem verkefnið býr nú þegar yfir er hægt að fara í aðgerðir sem er lýst í þessari verkefnaáherslu</p>

<p>Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)</p>	<p>Fjöldi nýrra fjárfestingaverkefna sem verða sett af stað eða unnið í að setja af stað á árinu 2015 er sá mælikvarði sem stuðst verður við. Lagt er upp með að koma af stað 3 nýjum fjárfestingaverkefnum með tilvísun í áherslur sem finna má í Westfjords Investment Fact File.</p> <p>Hluti af verkefninu er að koma upp fjármögnunarúrræði fyrir verkefni sem eru að spretta upp og vaxa á Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að klára alla undirbúningsvinnu á árinu 2015. Miðað er við að reyna koma sjóðnum í gang og hefja fjárfestingar á árinu 2016. Þessi vinna byggir að miklu leyti á tiltrú fagfjárfesta á svæðinu og því mikilvægt að undirbúningsvinna og vinna með tengiliðum sýni fram á kosti svæðisins og kosti þess að vinna með Atvest við val á fjárfestingakostum.</p> <p>Ef fjárfestingaverkefnin verða að veruleika má sjá verðmætasköpun og atvinnusköpun fylgja í kjölfarið eins og fyrri verkefni hafa sýnt fram á. Eftirfarandi dæmi um fjárfestingaverkefni eru þau sem Atvest hefur unnið að og hafa skilað sér í verðmætasköpun fyrir svæðið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kalkpörungaverkefni á Bíldudal • Mjólkurframleiðsla • Hótel og gistiheimili (með og án afþreyingarþjónustu) • Lax- og bleikjueldi • Fluguveiðihjól 																				
<p>Tímarammi</p>	<p>Júní - Desember 2015, en er hluti af langtímaverkefni sem áætlað er að halda áfram til lengri tíma til 2019.</p>																				
<p>Áætlaður kostnaður</p>	<p>Á árinu 2015 verður unnið að eftirfarandi:</p> <p>Kostnaður við verkþætti:</p> <table border="1" data-bbox="529 1818 1369 1953"> <thead> <tr> <th>Verkþættir</th> <th>Vinna Atvest</th> <th>Vinna ráðgjafa og aðkeypt þjónusta</th> <th>Ferða- og fundakostnaður</th> <th>Samtals</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Stofnun Inwestfjords fjárfestingasjóðs</td> <td>4.000.000</td> <td>1.500.000</td> <td>1.500.000</td> <td>7.000.000</td> </tr> <tr> <td>Mótun fjárfestingakosta og kynnin þeirra</td> <td>4.000.000</td> <td>1.500.000</td> <td>1.500.000</td> <td>7.000.000</td> </tr> <tr> <td>Samtals</td> <td>8.000.000</td> <td>3.000.000</td> <td>3.000.000</td> <td>14.000.000</td> </tr> </tbody> </table>	Verkþættir	Vinna Atvest	Vinna ráðgjafa og aðkeypt þjónusta	Ferða- og fundakostnaður	Samtals	Stofnun Inwestfjords fjárfestingasjóðs	4.000.000	1.500.000	1.500.000	7.000.000	Mótun fjárfestingakosta og kynnin þeirra	4.000.000	1.500.000	1.500.000	7.000.000	Samtals	8.000.000	3.000.000	3.000.000	14.000.000
Verkþættir	Vinna Atvest	Vinna ráðgjafa og aðkeypt þjónusta	Ferða- og fundakostnaður	Samtals																	
Stofnun Inwestfjords fjárfestingasjóðs	4.000.000	1.500.000	1.500.000	7.000.000																	
Mótun fjárfestingakosta og kynnin þeirra	4.000.000	1.500.000	1.500.000	7.000.000																	
Samtals	8.000.000	3.000.000	3.000.000	14.000.000																	

Verkbáttur 1 – Stofnun Inwestfjords:

Mótun nýs fjárfestingasjóðs – Inwestfjords, er verkþáttur sem verður unnin með aðkomu erlendra og innlendra fagfjárfesta. Auk þess verður unnið með erlendum og innlendum ráðgjöfum varðandi fjármögnun og endanlega útfærslur. Byggt verður á þeim tengiliðum sem Atvest starfar nú þegar með.

Atvest mun vinna að þessum verkþætti með það að markmiði að hýsa sjóðinn eins og hann gerir fyrir Hvetjanda.

Markmið verkþáttarins er að gera áætlanir um rekstur sjóðsins, móta fjárfestingastefnu og kynna sjóðinn fyrir þeim aðilum sem hafa sýnt málinu áhuga. Útfærsla kynningarstarfsins verður með þeim hætti að annað hvort verður boðið til funda á Vestfjörðum eða farið á viðskipta- og kynningarfundum með fagfjárfestum sem svo yrði boðið til svæðisins.

Endanleg markmið sjóðsins er að hann geti verið móttakandi á verkefnum sem og fjárfestir, samhliða því að hafa getu til þess að ráðast í ný verkefni með öðrum fagfjárfestum.

Verkbáttur 2 – Mótun verkefna:

Í þessum verkþætti verður unnið að mótun fjárfestingaverkefna sem byggja á auðlindum svæðisins og finna má í Westfjords Investment Fact File. Þessi fjárfestingaverkefni verða kynnt fyrir Inwestfjords sjóðnum og öðrum fagfjárfestum eftir þörfum.

Atvest mun vinna að þessum verkþætti í samstarfi við innlenda og erlenda rágjafa.

Markmið þessa verkþáttar er að byggja á fjárfestingastefnu og greiningu á tækifærum svæðisins, ásamt því að taka tillit til áhersluatriða sem má finna hjá sveitarfélögum og Sóknaráætlun 2015-2019. Með því að nota þá vinnu sem búið er að stærstum hluta að klára verða unnar viðskiptaáætlanir um verkefni. Þessi verkefni munu hafa það að leiðarljósi að leita eftir samvinnu við réttu samstarfs- og framkvæmdaraðila innan svæðisins. Gera má ráð fyrir töluverðum fjölda

	<p>viðskiptaáætlana sem verði unnar en reynt verði að miða á að 3 verði að verkefnum til lengri tíma.</p> <p>Á grunni viðskiptaáætlana verða gerðar fjárfestingakynningar sem notaðar verða til afla fjármagns frá fagfjárfestum. Mögulegt er að slíkar fjárfestingar verði tengdar beint við stofnun Inwestfjords eða verði sjálfstætt eftir því sem fjárfestar vilja.</p> <p>Fjármögnun verður með þeim hætti að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða mun fjármagna 9.000.000.- kr. ef þörf er á.</p> <p>Jafnframt verður leitað eftir því að ráðgjafar á vegum verkefnisins komi með vinnuframlag og mun þá fjármögnunarhluti Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða lækka á móti því og vinnuhlutinn færast yfir til ráðgjafa í verkefninu.</p>	
<p>Framlag úr sóknaráætlun 2015</p>	<p>5.000.000.-</p>	

Verkefni 3	Bein markaðsetning
Markmið (hvaða vandamál á að leysa?)	<i>Tryggja fé til að sinna beinni markaðssetningu á vestfirskri ferðaþjónustu. Vestfirðir eru minnst heimsótt svæðið af ferðamönnum, jafnframt er mikil árstíðarsveifla á heimsóknum. Tryggja þarf fé til að markaðssetja Vestfirði, með áherslu utan háannar, til þess að tryggja bætta nýtingu fjárfestinga og innviða.</i>
Framkvæmdaaðili (ef fleiri en einn, tilgreinið hlutdeild hvers af heildarstyrkupp hæð)	Fjórðungssamband Vestfirðinga, deild Markaðsstofa Vestfjarða.
Samstarfsaðilar	Ferðaþjónar á svæðinu, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 var lögð áhersla á að mæta helstu vandamálum sem einkenna byggðapróun og atvinnulíf í fjórðungnum, en einnig var hugað sérstaklega að þeim geirum atvinnulífs sem í senn svara þessum vanda og gefa tækifæri til vaxtar og sóknar líkt og ferðaþjónusta gerir.</p> <p>Ferðaþjónusta er vaxandi grein á Vestfjörðum, en lang flest ferðaþjónustufyrirtæki eru smá og hafa takmarkað geta sinnt markaðssetningu. Því er nauðsynlegt að stoðkerfið styðji við þetta verkefni.</p> <p>Verkefnið „Bein markaðssetning“ er skipt niður í fjóra verkþætti.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Sýningar/vinnustofur. Þátttaka í tveimur sýningum/vinnustofum, annars vegar VestNorden í Færeyjum og hinsvegar á vinnustofu í Bandaríkjunum og Kanada í samfloti með Íslandsstofu. Á þessum sýningum er lögð áhersla á að kynna vestfirska ferðaþjónustu fyrir söluaðilum, með sérstaka áherslu á þá markaði sem henta ferðaþjónustunni á svæðinu best. 2. Móttaka blaðamanna. Markaðsstofa Vestfjarða mun taka á móti a.m.k. tveimur blaðamannahópum. Blaðamannaferðir eru unnar í samstarfi við Íslandsstofu og PR fyrirtæki Íslandsstofu. 3. Auglýsingar á neti/samfélagsmiðlum. Haft hefur verið samband við auglýsingastofu/ráðgjafafyrirtæki sem mun vinna með Markaðsstofu Vestfjarða við uppsetningu á birtingaráætlun. Jafnframt mun ráðgjafafyrirtækið aðstoða við gerð netauglýsinga. Kostnaður þessa verkþáttar skiptist í birtingar og ráðgjöf. 4. Kynningar. Unnið verður að því að koma jákvæðum umfjöllunum um Vestfirði á framfæri í innlendum miðlum sem og á samfélagsmiðlum.

<p>Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)</p>	<p>Verkefnið snýr að beinni markaðssetningu Vestfjarða, ómögulegt er að meta árangur af markasetningu innan þeirra tímamarka sem settar eru á verkefnið.</p> <p>Því verða árangursmælingar þessa verkefnis að felast í því að ákveðnum verkþáttum sé lokið.</p> <p>Sýningar: Farið verður á tvær sýningar/vinnustofur. Móttaka blaðamanna: Tekið verður móti tveimur blaðamannahópum. Auglýsingar á samfélagsmiðlum: Auglýsingar keyptar. Kynningar: Jákvæðum fréttum/sögum komið á framfæri.</p> <p>Inn í þetta verkefni kemur ekki beint mótframlag, en þetta verkefni er þó nær alfarið unnið af starfsmönnum Markaðsstofu Vestfjarða sem er að mestu leyti fjármögnuð af sveitarfélögum á Vestfjörðum.</p> <p>Þetta verkefni hefur einnig teningar í önnur verkefni sem hafa verið og eru í gangi á Vestfjörðum. Sum þeirra fjármögnuð úr fyrri sóknaráætlunum. Þannig er þetta verkefni ákveðið framhald af verkefni úr sóknaráætlun Vestfjarða 2013, Vestfjarðaklasi, sem þó var ekki unnt að halda áfram með í óbreyttri mynd vegna breyttra áherslna nýrra stjórnvalda. Jafnframt var sett fjármagn úr sóknaráætlun 2014 til markaðssetningar á Vestfjörðum sem áfangastaðar ferðamanna. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hófu svo á árinu 2014, að eigin frumkvæði stórt markaðsátak sem tekur til þriggja ára og leggja þar til 7 mkr á ári. Um margt tvinnast þessi tvö verkefni saman markaðsátak sveitarfélaga leggur áherslu að vinna upp kynningarefni og þróun markaðssetningar á samfélagsmiðlum. Stuðningur áhersluverkefnis er að nýta þetta efni til birtingar og beinnar markaðssetningar á ferðasýningum og með heimsóknnum blaðamanna. Náið samstarf er með Íslandsstofu í þessum tveim verkefnum.</p> <p>Ákveðnir mælikvarðar hafa verið notaðir til að meta þann árangur sem náðst hefur, þannig hefur umferð á heimasíðu Markaðsstofu Vestfjarða, sem er eitt helsta markaðstól MV, aukist um 260% síðan 2012. Jafnframt hefur sýnileiki Vestfjarða á samfélagsmiðlum margfaldast á sama tíma, eða um 750%. Einnig hafa gistináttatölur sýnt mikla aukningu á þessum sama tíma samkvæmt mánaðarlegum tölum Hagstofunnar um gistingu hótélum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Greining á gistinætum sem ná eingöngu til Vestfjarða, eru aðeins teknar saman í lok hvers árs að hálfu Hagstofunnar. Það er því ljóst að ákveðnum árangri hefur nú þegar verið náð og mikilvægt að láta ekki þar við sitja heldur halda fram að byggja ofan á þá góðu vinnu sem hefur átt sér stað.</p>
Tímarammi	Júlí – Desember 2015
Áætlaður kostnaður	5.000.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun 2015	5.000.000 kr.

Markaðssetning		
Sýningar		
	VestNorden	
	Sýningarkostnaður	120.000
	Ferðakostnaður	200.000
	Nýtt efni	100.000
	Workshop USA/CAN	
	Sýningarkostnaður	0
	Ferðakostnaður	350.000
Móttaka blaðamanna		
	Sam Horine	250.000
	Blaðamannaferð	400.000
Auglýsingar á samfélagsmiðlar		
	Google ads - IBI	1.700.000
	Facebook boost	500.000
	Ísl auglýsingar	500.000
Kynningar		
	Jákvæðir Vestfirðir	880.000
Samtals		5.000.000

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri